



ÁRMANN SVEINSSON
STUD. JUR.

FÆDDUR 14. APRÍL 1946
DÁINN 10. NÓVEMBER 1968



HVAÐ bindur vorn hug við heimsins glaum,
sem himnaarf skulum taka?
Oss dreymir í leiðslu lífsins draum,
en látumst þó allir vaka,
og hryllir við dauðans dökkum straum,
þó dauðinn oss megi' ei saka.

Til moldar oss vígði hið mikla vald,
hvert mannlíf, sem jörðin elur.
Sem hafsjór, er rís með fald við fald,
þau falla, en Guð þau telur,
því heiðloftið sjálft er huliðstjald,
sem hæðanna dýrð oss felur.

En ástin er björt, sem barnsins trú
hún blikar í ljóssins geimi,
og fjarlægð og nálægð, fyrr og nú,
oss finnst þar í eining streymi.
Frá heli til lífs hún byggir brú
og bindur oss öðrum heimi.

Af eilífðar ljósi hjarma ber,
sem brautina þungu greiðir.
Vort líf, sem svo stutt og stopult er,
það stefnir á æðri leiðir.
Og upphiminn fegri' en augað sér
mót öllum oss faðminn breiðir.



INTEGER vitae scelerisque purus
non eget Mauris jaculis neque arcu,
nec venenatis grvida sagittis,
Fusce, pharetra.

Sive per Syrtes iter aestuosas,
sive facturus per inhospitalem
Caucasum, vel quae loca fabulosus
lambit Hydaspes.

Namque me silva lupus in Sabina,
dum meam canto Lalagen, et ultra
terminum curis vagor expedites,
fugit inermem.

Quale portentum neque militaris
Daunias latis alit aesculetis;
nec Jubae tellus generat, leonum
arida nutrix.

Pone me, pigris ubi nulla campis
arbor aestiva recreatur aura;
quod latus mundi nebulae malusque
Jupiter urget.

Pone sub curru nimium propinqui
solis, in terra domibus negata:
Dulce ridentem Lalagen amabo,
dulce loquentem.

Á HENDUR fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér líði,
þín von á Guð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórna öllu best.
Að sýta sárt og kvíða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og biða,
þá blessun Guðs er vís.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þín hjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt,
þitt starf ei nemur staðar,
þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þér hraðar
með hjálp og líkn til vor.

Mín sál, því örugg sértu
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna,
þú mæðist litla hrið.
Þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

Ragnar Björnsson, dómorganisti, leikur á orgel.

Gunnar Björnsson leikur á celló.

Félagar úr Stúdentakórnum syngja.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð